



Äkta Linoljefärg Matt

Vörunr. 2122

Lýsing

Äkta Linoljefärg Matt (2122) er gamaldags og mött línólíumálning sem byggð er á soðinni línólíu, sinkhvítu og títanhvítu. Málningin notast innanhús og hefur hátt þurrefnisinnihald. Efnið hefur góða vætueiginleika og hentar vel til að binda duftsmítandi fleti.

Notkun

Äkta Linoljefärg Matt (2122) er ætluð til málunar á veggi og loft innanhúss. Einnig er hægt að nota málninguna á málma og krossvið, en áður er ráðlagt að grunna slíka fleti með viðeigandi grunnmálningum.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Hvítt	Þurrefni: 85 % (rúmmál)
Gljástig: 10	Þynnir: Terpentína
Pakkningar: 1 lítra	Áhaldahreinsir: Terpentína
Efnisnotkun: 6-11 m ² /l	Þurrktími: 1-3 dagar
Eðlisþyngd: 1,6 kg/l	Yfirmálun: 1-3 dagar

Áhöld

Pensill.

Vinnutilhögun

Prífið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Ef um er að ræða alkýðmálningu og/eða flöturinn er mjög gljáandi er best að matta lauslega með sandpappír, til að góð viðloðun náist. Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. **Äkta Linoljefärg** (2122) skal fara þunnt á flötinn. Þynna skal málninguna allt að 30 %. Lokaumferð skal vera óþynnt.

Athugasemdir

- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.
- Mikilvægt er að draga vel úr efninu.
- Ber viður skal vera vel þurr áður en málað er með málningunni.
- **Äkta Linoljefärg** inniheldur þormandi olíur og því er hættu á sjálfsíkveikju. Úrgangi, notuðum tuskum o.þ.h. skal farga tryggilega.
- Hreinsið áhöld strax eftir notkun.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Äkta Linoljefärg** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.